

## AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 9. þ. m., samkvæmt tillögu ráðuneytisins, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands:

### 1. gr.

84. gr. 2. töluliður orðist svo:

„Í læknaeild 12: Í efnafræði, í geðlæknisfræði, í handlæknisfræði, í heilbrigðisfræði, í lífeðlisfræði og lífefnafræði, í líffærafræði, í lyfjafræði, í lyflæknisfræði, í meina- og sýklafræði og 3 í tannlæknisfræði. Prófessorsembætti í tannlæknisfræði í klíniskum greinum skulu eigi veitt öðrum en tannlæknum, sem stundað hafa í 3 ár hið skemmsta sérnám í aðalgrein prófessorsembættisins við háskóla eða aðra viðurkennda stofnun. Prófessorsembætti í tannlækningum skal veita í einni grein, en með kennsluskyldu til bráðabirgða í öðrum greinum, ef þörf er á.“

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. október 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

31. desember.

Nr. 77.

## LÖG

um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.